



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1317*  
*komudagur 28.1.2013*

28. janúar 2013

Tilvisun: 2013010239/10.4

**Efni: Minnisblað í tengslum við mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi virks eiganda í fjármálafyrirtækjum**

Meðfylgjandi er minnisblað ásamt gátlistum, sem óskað var eftir á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 23. janúar sl., í tengslum við mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi virks eiganda í fjármálafyrirtækjum, sbr. einnig tölvupóstur nefndarinnar, dags. 23. janúar sl.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

*Berglind Helga Jónsd.*  
Berglind Helga Jónsdóttir



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Minnisblað til eigin nota

Titill:	Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar í tengslum við mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi virks eiganda í fjármálafyrirtækjum
Dags:	28.1.2013
Til:	Efnahags- og viðskiptanefndar
Frá:	Fjármálaeftirlitinu

---

#### Skilgreining á virkum eiganda

*Virkur eigandi* er sá sem á, einn sér eða í samstarfi við aðra, 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir honum kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags, sbr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.). Virkur eigandi getur þannig bæði farið með beinan virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki t.d. með því að eiga yfir 10% af hlutafé í fyrirtækinu eða farið með óbeinan virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki t.d. með því að fara með ráðstöfunarrétt yfir 10% eða meira af eignarhlutunum eða fari með yferráð yfir virkum eiganda.

Ekki er skýrt í lagaákvæðinu, með tæmandi hætti, hverjir teljist til *óbeinna virkra eigenda* í fjármálafyrirtæki. Hins vegar hefur Fjármálaeftirlitið, með hliðsjón af lögskýringargögnum, litið svo á að ef aðili fer með yferráð í virkum eiganda telst viðkomandi vera óbeinn virkur eigandi. Við mat á því hvort um yferráð sé að ræða er auk eignarhlutar litið til atkvæðisréttar, skipunar stjórnar, hluthafasamkomulags, lánveitinga og fleiri atriða, sbr. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. a. fttl. Þess má geta að Fjármálaeftirlitið tekur til skoðunar öll félög sem fara með yfir 20% eignahlut, skv. skilgreiningu á nánnum tengslum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 1. gr. a. fttl., í fyrirhuguðum virkum eiganda í því skyni að leggja mat á það hvort viðkomandi félag fari með yferráð og teljist þannig vera óbeinn virkur eigandi. Sjá nánar um mat á virkum eiganda í sér kafla hér að neðan.

Aðrir aðilar sem eiga yfir 10% eignarhlut í virkum eiganda án þess að vera með yferráð í honum eða teljast óbeinn virkur eigandi á annan hátt eru taldir *virkir eigendur í virkum eiganda* í fjármálafyrirtæki. Sjá nánar um mat á virkum eiganda í virkum eiganda í sér kafla hér að neðan.

#### Tilkynning um virkan eignarhlut

Aðili sem hyggst eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki ber að tilkynna um það fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 40. gr. fttl. Tilkynningunni þurfa að fylgja mjög ítarlegar upplýsingar um fyrirhuguð kaup og fjármögnun þeirra, upplýsingar um fyrirhugaðan eiganda að virkum eignarhlut, um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra hans og upplýsingar um virka eigendur í fyrirhuguðum virkum eiganda. Loks þarf eigendastefna fyrirhugaðs eiganda að virkum eignarhlut að fylgja tilkynningunni, sbr. 41. gr. fttl. Gátlisti í tengslum við upplýsingagjöf vegna tilkynningar um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut er meðfylgjandi minnisblaði þessu en hann má jafnframt finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins:

<http://www.fme.is/media/qatlistar/Upplýsingagjof-logadila-i-tengslum-vid-tilkynningu-um-virkan-eignarhlut-i-fjarmalafyrirtaeki-12.12.pdf>



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þegar Fjármálaeftirlitið hefur staðfest móttöku tilkynningar um virkan eignarhlut hefur stofnunin sextíu starfsdaga til að taka afstöðu til tilkynningarinnar. Ef óskað hefur verið eftir viðbótargögnum bætast við þeir dagar sem hafa farið í að bíða eftir gögnum en þó aldrei fleiri en tuttugu starfsdagar, sbr. 1. mgr. 42. gr. ffl.

### Mat á hæfi virks eiganda og óbeins virks eiganda

Í tengslum við mat á hæfi viks eiganda aflar Fjármálaeftiriitið umfangsmikilla upplýsinga og gagna sem óskað er eftir í áðurnefndum gátlista Fjármálaeftiriitsins. Þá er aflað annarra gagna eftir því sem tilefni gefst, bæði frá viðkomandi aðila og öðrum aðilum. Fjármálaeftirlitið hefur auk þess verið í reglulegu sambandi við fjármálaeftirlit í nágrannalöndum okkar í tengslum við álitamál sem upp hafa komið og almenna framkvæmd á mati á hæfi virks eiganda í fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftiriitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heiðbrigðs og trausts rekstur fjármálafyrirtækis og grundvallast mat stofnunarinnar á öllum eftirfarandi atriðum, sbr. 2. mgr. 42. gr. ffl.:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heiðbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem fjármálafyrirtækið hefur, eða mun hafa, með höndum.
4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvela eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða hafa áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/eða önnur stjórnvöld, til þess hvort staða fjármálafyrirtækisins í hópi fyrirtækja sem það mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem giida um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindri eðlilegt eftirlit.
5. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

Við mat á framangreindum atriðum er m.a. litið til starfsemi fjármálafyrirtækisins sem um ræðir en eftir því sem hún er umfangsmeiri og flóknari því meiri kröfur gerir Fjármálaeftirlitið til virks eiganda t.d. varðandi reynslu og þekkingu af fjármálastarfsemi. Þá er í tengslum við orðspor virks eiganda m.a. iitið til þess hvort viðkomandi aðili hefur verið viðriðinn rannsóknir, fengið á sig dóm, fyrri starfa viðkomandi og aðkomu eða þátttöku í atvinnurekstri. Í tengslum við mat á fjárhagslegu heilbrigði er m.a. litið til fjárhagsstöðu fyrirhugaðs virks eiganda en í gátlista stofnunarinnar er óskað ítarlegra upplýsinga um fjárhag og skuldbindingar fyrirhugaðs eiganda en misstrangar kröfur um fjárhagsstöðu eru gerðar eftir því hver starfsemi fjármálafyrirtækisins er. Við mat á því hvort eignarhald torveldi eftirliti með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki um eftirlits er m.a. litið til flókinnar uppbyggingar á eignarhaldi sem gæti mögulega torvelað eftirlitið. Þá er í tengslum við peningþvætti



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

litið til þess hver hafi verið uppruni þess fjármagns sem notað var til kaupa á eignarhlutum og forsögu fyrirhugaðs eiganda.

Eins og fram kemur hér að framan er mat á hæfi framkvæmt á öllum fyrirhuguðum eigendum að virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki, hvort sem um beinan eða óbeinan virkan eignarhlut er að ræða. Þannig á sér t.d. stað sjálfstætt mat á hæfi aðila sem fer með óbeinan virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki t.d. með því að fara með yferráð í fyrirhuguðum virkum eiganda í fjármálafyrirtæki. Yferráðunum getur verið nán eins og að framan greinir með eignarhlut, atkvæðisrétti, skipun stjórnar, hluthafasamkomulagi, lánveitingum og fl., sbr. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. a. ffl.

Þrátt fyrir að sjálfstætt mat fari fram annars vegar á beinum virkum eiganda og hins vegar á óbeinum virkum eiganda á sér jafnframt stað heildarmat á þessum aðilum. Þannig hefur hæfi óbeins virks eiganda sem fer með yferráð yfir fyrirhuguðum virkum eiganda, áhrif á hæfi fyrirhugaðs virks eiganda. Þannig getur það að óbeinn virkur eigandi er metinn óhæfur haft neikvæð áhrif á mat á fyrirhuguðum virkum eiganda og í einhverjum tilvikum leitt til þess að sá síðarnefndi verði metinn óhæfur til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu.

Samkvæmt 49. gr. a ffl. skal Fjármálaeftirlitið meta fyrirhugaðan virkan eiganda óhæfan, leiki vafi á því að mati eftirlitsins hver sé eða verði raunverulegur eigandi virkra eignarhlutarins. Í lögum um fjármálafyrirtæki er að finna ákvæði um raunverulega eigendur sem kom inn með lögum nr. 75/2010 sem breyttu lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í athugasemdum við fúmvarpið segir að „séu innsendar upplýsingar um væntanlegan kaupanda þess eðlis að Fjármálaeftirlitið telur vafa leika á því hver sé raunverulegur kaupandi skal það tilkynna viðkomandi að það telji hann ekki hæfan til að fara með hlutinn. Tilvik af þessu tagi gætu t.d. verið að væntanlegur kaupandi væri eignarhaldsfélag og óljóst væri hverjir séu raunverulegir eigendur þess, eða eigendur þess væru aðilar skrásettir í lögsögu sem ekki væri með samning við Fjármálaeftirlitið um virk skipti á upplýsingum“.

Í lögum um fjármálafyrirtæki er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu raunverulegur eigandi. Ekki er mikið í íslenskum lögum sem skýrir raunverulega eigendur. Hins vegar er að finna í lögum nr. 64/2006 um peningaþvætti skilgreiningu á hugtakinu og er í því vísað til eigenda eða stjórnenda, núverandi eða í framtíðinni, í gegnum óbeina eða beina eignaraðild, að meira en 25% hlut í lögaðila eða hafa á annan hátt yferráð yfir lögaðila, sbr. 4. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006. Við framkvæmd á mati á hæfi virks eiganda í fjármálafyrirtæki telur Fjármálaeftirlitið sig ganga lengra í því að skoða raunverulega eigendur en framangreind skilgreining laga nr. 64/2006 kveður á um, sbr. framangreind umfjöllun. Fjármálaeftirlitið áréttar það sem fram kemur í umsögn eftirlitsins um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki að nauðsynlegt sé að skilgreina raunverulega eigendur í lögum um fjármálafyrirtæki.

Ákvörðun um að meta fyrirhugaðan virkan eiganda óhæfan til að fara með eignarhlutinn er tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Þau úrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur yfir að ráða ef fyrirhugaður eigandi sem metinn óhæfur en hefur samt sem áður eignast eignarhlutinn er að fella niður atkvæðisrétt vegna eignarhlutarins og krefjast sölu á eignarhlut sem er umfram virkan eignarhlut, sbr. 45. og 46. gr. ffl.

### Virkir eigendur í virkum eiganda

Samkvæmt 42. gr. ffl. leggur Fjármálaeftirlitið ekki sjálfstætt mat á hæfi virkra eiganda í fyrirhuguðum virkum eiganda, nema þeir teljist til óbeinna virkra eiganda en



## FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þá fer fram sjálfstætt mat. Þrátt fyrir framangreint hefur hæfi virks eiganda í fyrirhuguðum virkum eiganda engu að síður áhrif á mat á hæfi fyrirhugaðs virks eiganda. Þannig eru upplýsingar um virka eigendur fyrirhugaðs virks eiganda teknar inn í heildarmat á hæfi fyrirhugaðs virks eiganda. Í einhverjum tilvikum gætu þær upplýsingar leitt til þess að fyrirhugaður virkur eigandi teldist óhæfur en sérstaklega er litið til þess hvort virkir eigendur geti haft áhrif á orðspor fyrirhugaðs virks eiganda, sbr. 1. tl. 2. mgr. 42. gr. ffitl., hvort virkur eigandi í fyrirhuguðum virkum eiganda geti á einhvern hátt torvelað eftirliti með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða haft áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda, sbr. 4. tl. 2. mgr. 42. gr. ffitl. og hvort virkur eigandi í fyrirhuguðum virkum eiganda geti með eignarhlut sínum leitt til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

Samkvæmt framangreindu hafa því aðilar sem eiga virkan eignarhlut í fyrirhuguðum virkum eiganda ávallt áhrif á mat á hæfi fyrirhugaðs virks eiganda þrátt fyrir að vera ekki metnir sjálfstætt.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Upplýsingagjöf í tengslum við tilkynningu um virkan eignarhlut einstaklings í fjármálafyrirtæki, sbr. 41. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Nr.	Efni	Lagatilvísun
<b>1.</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGUÐ KAUP EÐA STOFNUN NÝS FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIS</b>	Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)
1.1	Nafn og kennitala fjármálafyrirtækisins sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í.	2. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
1.2	Upplýsingar um seljanda að hlut fyrirhugaðs eiganda, drög að hluthafaskrá fjármálafyrirtækisins eftir kaupin og kaupverð eignarhlutarins*. Ef um er að ræða nýtt fjármálafyrirtæki er aðeins óskað eftir fyrirhugaðri hluthafaskrá fjármálafyrirtækisins.  <i>*Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir kaupsamningi milli aðila, ef tilefni er til.</i>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
1.3	Fjöldi og tegund hluta (flokkar skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995) í viðkomandi fjármálafyrirtæki í eigu fyrirhugaðs eiganda fyrir og eftir kaupin eða stofnunina, m.a. upplýsingar um hlutfall af heildar hlutafé/stofnfé í prósentum og nafnverð í evrum (EUR). Einnig skal upplýsa um hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en stærð eignarhlutar.	3. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
<b>2.</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGAÐAN EIGANDA AÐ VIRKUM EIGNARHLUT (FYRIRHUGAÐUR EIGANDI)</b>	
2.1	Nafn, kennitala, ríkisfang og lögheimili.*  <i>*Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir afriti af persónuskilríkjum útgefnunum af lögbæru yfirvaldi.</i>	1. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
2.2	Símanúmer og netfang.	12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
2.3	Tæmandi ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu og aðrar stöður sem fyrirhugaður eigandi hefur gegnt.	12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.

2.4	<p>Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku fyrirhugaðs eiganda í starfsemi annarra lögaðila en fjármálaafyrirtækisins sem um ræðir. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum og gerð grein fyrir þeim með myndrænum hætti.</p>	9. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.5	<p>Óskað er eftirfarandi upplýsinga um fyrirhugaðan eiganda og öll félög sem hann hefur sl. 5 ár stjórnað eða ráðið yfir*:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a. dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálaafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,</li> <li>b. úrskurðir um gjaldprot,</li> <li>c. opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnsýslumál,</li> <li>d. rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar,</li> <li>e. synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf,</li> <li>f. afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis,</li> <li>g. brottrekstur úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu. Einnig er óskað upplýsinga um brottrekstur af hálfu eftirlitsstofnunar eða stjórnvalds.</li> </ul> <p><i>*Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yferráð skv. 9. tl. 1. gr. a. ffl.</i></p>	10. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.6	<p>Upplýsingar um reynslu fyrirhugaðs eiganda af fjármálastarfsemi.</p>	8. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.7	<p>Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á fyrirhuguðum eiganda sem eiganda virks eignarhlutar eða sem stjórnanda aðila sem lýtur opinberu eftirliti á fjármálamarkaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendar eftirlitsstofnunar (tilgreina skal eftirlitsstofnun og afhenda gögn um niðurstöður mats).</p>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.8	<p>Upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirhugaðs eiganda. Fylla skal út <b>allar arkir</b> í eyðublaði vegna fjárhagslegs sjálfstæðis sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.</p>	6. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.9	<p>Fjárhagslegar upplýsingar um félög sem fyrirhugaður eigandi fer með yferráð í eða stjórnar*. Óskað er eftir ársreikningi viðkomandi félaga síðastliðið rekstrarár. Ef breytingar hafa orðið á fjárhagsstöðu félaganna er óskað upplýsinga um slíkar breytingar.</p> <p><i>*Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef yferráð skv. 9. tl. 1. gr. a. laga nr. 161/2002.</i></p>	6. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.

2.10	<p>Lýsing á hagsmunatengslum fyrirhugaðs eiganda, fjárhagslegum*, persónulegum og viðskiptalegum** við:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>aðra núverandi hluthafa í fjármálafyrirtækinu, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,</li> <li>aðila með atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækinu, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,</li> <li>stjórnarmenn eða stjórnendur fjármálafyrirtækisins, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,</li> <li>fjármálafyrirtækið, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og samstæðu þess.</li> </ol> <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni fyrirhugaðs eiganda sem kunna að rekast á við hagsmuni fjármálafyrirtækisins, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p> <p><i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 5. tl. 1. gr. a. ffl.</i></p>	7. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.11	<p>Upplýsingar um nánin tengsl* fyrirhugaðs eiganda við aðra lögaðila en fjármálafyrirtækið sem um ræðir. Gera skal grein fyrir tengslunum með myndrænum hætti.</p> <p><i>* Með nánnum tengslum er átt við annaðhvort bein eignatengsl eða yferráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis, eða yferráð eða samstarf milli aðila í skilningi ffl., sbr. 1. tölul. 1. gr. a laganna.</i></p>	11. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.12	<p>Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl fyrirhugaðs eiganda og aðila í nánnum tengslum við hann, við fjármálafyrirtækið.</p>	7. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.13	<p>Hvort fyrirhugað sé hluthafasamkomulag við aðra hluthafa viðkomandi fjármálafyrirtækis. Ef svo er skal jafnframt gera grein fyrir efni þess.</p>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
<b>3. UPPLÝSINGAR UM FJÁRMÖGNUN FYRIRHUGAÐRA KAUPA</b>		
3.1	<p>Ef kaupin eða stofnun nýs fjármálafyrirtækis er fjármögnuð með lánsfé frá fjármálafyrirtæki er óskað ítarlegra upplýsinga um lánveitinguna.* Þá er óskað upplýsinga um hvort til staðar séu fjárhagsleg tengsl við stjórnendur í fjármálafyrirtækinu sem lánar til kaupanna.</p> <p><i>*Óskað er m.a. upplýsinga um lánshæfismat, gjalddaga, skilmála, veðsetningar og tryggingar. Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir lánasamningi.</i></p>	5. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
3.2	<p>Ef kaupin eða stofnun nýs fjármálafyrirtækis eru ekki fjármögnuð með lánsfé frá fjármálafyrirtæki skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um uppruna fjármagnsins og með hvaða hætti það komst í vörslu fyrirhugaðs eiganda. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum.</p>	5. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.



3.3	Upplýsingar um eignir fjármálafyrirtækisins, sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í, sem fyrirhugað er að selja innan árs. Óskað er upplýsinga um eignina, söluskilmála og verðmat.	5. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
4.	<b>EIGENDASTEFNA</b>	
4.1	Fyrirhugaður eigandi skal setja sér sérstaka eigendastefnu sem inniheldur stefnu hans varðandi eignarhaldið. Stefna fyrirhugaðs eiganda skal miða að uppbyggingu heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Stefnan skal vera skrifleg og undirrituð af fyrirhuguðum eiganda.	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
4.1.1	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast allt að 20% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Markmið kaupanna, þ.m.t.; <ul style="list-style-type: none"> <li>i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækisins,</li> <li>ii. áhrif á rekstur þess,</li> <li>iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða og</li> <li>iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð;</li> </ul> </li> <li>b. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja fjármálafyrirtækið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi.</li> </ul>	4. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
4.1.2	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast 20-50% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Markmið kaupanna, þ.m.t.; <ul style="list-style-type: none"> <li>i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækisins,</li> <li>ii. áhrif á rekstur þess,</li> <li>iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða og</li> <li>iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð;</li> </ul> </li> <li>b. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja fjármálafyrirtækið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi,</li> <li>c. nákvæmar upplýsingar um fyrirætlanir, væntingar og áhrif sem fyrirhugaður eigandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu (þ.m.t. arðgreiðslustefnu) ásamt þróun og ráðstöfun fjármuna fjármálafyrirtækisins til þriggja ára.</li> </ul>	4. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.

Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast yfir 50% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

#### 4.1.3

- a. Viðskiptaáætlun til þriggja ára. Í henni skulu koma fram markmið með fyrirhuguðum kaupum og helstu aðferðir til þess að ná þeim, þ.m.t.:
- i. forsendur fyrirhugaðra kaupa,
  - ii. fjárhagsleg markmið til þriggja ára (ávöxtun eigin fjár, kostnaðar-/arðsemishlutfall, hagnaður á hlut o.s.frv.),
  - iii. helstu samlegðaráhrifin sem leitast verður við að ná fram innan fjármálafyrirtækisins,
  - iv. hugsanlegar breytingar á starfsemi/vörum/markhópi og hugsanleg endurráðstöfun fjármagns/fjármuna sem fyrirhuguð er innan fjármálafyrirtækisins,
  - v. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja fjármálafyrirtækið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi.
- b. Fyrirhugaðar breytingar á stjórnarháttum og almennu starfsskipulagi viðkomandi fjármálafyrirtækis, þ.m.t. á:
- i. stjórn fyrirtækisins,
  - ii. samsetningu og störf stjórnar og lykilstarfsmanna. Einnig er óskað upplýsinga um áhrif á samsetningu og störf nefnda sem skipaðar eru af framangreindum aðilum (s.s. lánanefnd, áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og aðrar nefndir),
  - iii. störf framkvæmdastjóra. Ef ætlunin er að ráða nýjan framkvæmdastjóra er óskað upplýsinga um viðkomandi. Bent er á að Fjármálaeftirlitið metur hæfi viðkomandi skv. 52. gr. ffl.,
  - iv. verklagsreglur og kerfi er varða stjórnun, bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og regluvörslu (þ.m.t. varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka),
  - v. starfsemi eða verkefni fjármálafyrirtækisins,
  - vi. heildarhögun upplýsingakerfa: þar á meðal hvers kyns breytingar á stefnu um notkun undirverktaka, flæði gagna, hugbúnað sem notaður verður innan stofnunarinnar, helstu verklagsreglur um öryggi gagna og kerfa, svo og aðgengi að gögnum og kerfum, tæki sem notuð verða (t.d. gagnaafritun, áætlanir um órofinn rekstur, endurskoðunarslóð o.s.frv.), breytingar á áhættumati, eða annað sem skiptir máli við rekstur upplýsingatæknikerfa og áhættumat tengdu rekstri þeirra,
  - vii. stefnu sem gildir um notkun verktaka og útvistun (sviðin sem um ræðir, val á þjónustuaðilum o.s.frv.) og viðeigandi réttindi og skyldur helstu aðila skv. samningsákvæðum (t.d. fyrirkomulag úttekta, gæði sem krafist verður af þjónustuveitendum o.s.frv.).

4. og 12. tl. 1. mgr.  
41. gr. ffl.

4. og 12. tl. 1. mgr.  
41. gr. ffl.



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Upplýsingagjöf í tengslum við tilkynningu um virkan eignarhlut lögaðila í fjármálafyrirtæki, sbr. 41. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Nr.	Efni	Lagatilvísun
<b>1.</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGUÐ KAUP EÐA STOFNUN NÝS FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIS</b>	Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)
1.1	Nafn og kennitala fjármálafyrirtækisins sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í.	2. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
1.2	Upplýsingar um seljanda að hlut fyrirhugaðs eiganda, drög að hluthafaskrá fjármálafyrirtækisins eftir kaupin og kaupverð hlutarins*. Ef um er að ræða nýtt fjármálafyrirtæki er aðeins óskað eftir fyrirhugaðri hluthafaskrá fjármálafyrirtækisins.  <i>*Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir kaupsamningi milli aðila, ef tilefni er til.</i>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
1.3	Fjöldi og tegund hluta (flokkar skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995) í viðkomandi fjármálafyrirtæki í eigu fyrirhugaðs eiganda fyrir og eftir kaupin, m.a. upplýsingar um hlutfall af heildar hlutfé/stofnfé í prósentum og nafnverð í evrum (EUR). Einnig skal upplýsa um hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en stærð eignarhlutar.	3. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
<b>2.</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGAÐAN EIGANDA AÐ VIRKUM EIGNARHLUT (FYRIRHUGAÐUR EIGANDI)</b>	
2.1	Skráð heiti, kennitala og aðsetur höfuðstöðva ásamt viðeigandi staðfestingargögnum, s.s vottorði frá fyrirtækjaskrá.	1. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
2.2	Símanúmer og netfang tengiliðs.	12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.
2.3	Stutt lýsing á þeirri starfsemi sem fyrirhugaður eigandi stundar.	12. tl. 1. mgr. 41. gr. fttl.

2.4	<p>Upplýsingar um hluthafa fyrirhugaðs eiganda, m.a. nafn, kennitölu, samsetningu hlutafjár og atkvæðisréttar ásamt upplýsingum um hluthafasamkomulög í tengslum við fyrirhugaðan virkan eignarhlut. Upplýsingarnar skulu eiga við um raunverulega eigendur.*</p> <p><i>*Raunverulegur eigandi er skilgreindur í 4. tl. 3. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.</i></p>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
2.5	<p>Ef fyrirhugaður eigandi er hluti af samstæðu, sem móðurfélag eða dótturfélag, er óskað eftir nákvæmu skipuriti sem sýnir alla uppbyggingu samstæðunnar ásamt upplýsingum um:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>hlutföll hlutafjár/stofnfjár og atkvæðisréttar,</li> <li>hluthafa allra lögaðila samstæðunnar, þ.e. nafn og kennitölu ásamt stærð hlutar,</li> <li>lýsing á starfsemi allra lögaðila samstæðunnar,</li> <li>fyrirtæki innan samstæðunnar sem lúta opinberu eftirliti, og heiti eftirlitsaðila í heimaríki þeirra.</li> </ol>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.6	<p>Upplýsingar um endurskoðanda fyrirhugaðs eiganda.</p>	2. mgr. 41. gr. ffl.
2.7	<p>Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu* eða aðra þáttöku fyrirhugaðs eiganda í starfsemi annarra lögaðila en fjármálafyrirtækisins sem um ræðir. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum og gerð grein fyrir þeim með myndrænum hætti.</p> <p><i>*Með stjórnarsetu er átt við aðila sem fyrirhugaður eigandi hefur tilnefnt í stjórn lögaðila.</i></p>	9. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.8	<p>Óskað er eftirfarandi upplýsinga um fyrirhugaðan eiganda og öll félög sem hann hefur sl. 5 ár stjórnað eða ráðið yfir*:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,</li> <li>úrskurðir um gjaldþrot,</li> <li>opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnsýslumál,</li> <li>rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar,</li> <li>synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf,</li> <li>afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis.</li> </ol> <p><i>*Aðili telst stjórna félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yfirráð skv. 9. tl. 1. gr. a. ffl.</i></p>	10. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.9	<p>Upplýsingar um reynslu fyrirhugaðs eiganda af fjármálastarfsemi.</p>	8. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.

2.10	<p>Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á fyrirhuguðum eiganda sem eiganda virks eignarhlutar í aðila sem lýtur opinberu eftirliti á fjármálamarkaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendrar eftirlitsstofnunar (tilgreina skal eftirlitsstofnun og afhenda gögn um niðurstöður mats).</p>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.11	<p>Lýsing á hagsmunatengslum fyrirhugaðs eiganda, fjárhagslegum*, persónulegum og viðskiptalegum** við:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>aðra núverandi hluthafa í fjármálafyrirtækinu, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,</li> <li>aðila með atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækinu, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,</li> <li>stjórnarmenn eða stjórnendur fjármálafyrirtækisins, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í,</li> <li>fjármálafyrirtækið, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og samstæðu þess.</li> </ol> <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni fyrirhugaðs eiganda sem kunna að rekast á við hagsmuni fjármálafyrirtækisins, sem viðkomandi hyggst eignast virkan eignarhlut í og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p> <p><i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 5. tl. 1. gr. a. ffl.</i></p>	7. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.12	<p>Óskað er eftir ársreikningum* viðkomandi síðustu þriggja ára og skal a.m.k. ársreikningur undangengins árs vera endurskoðaður og áritaður.</p> <p><i>*Ef um er að ræða nýtt félag skal skila inn árituðum stofnefnahagsreikningi.</i></p>	6. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.13	<p>Upplýsingar um nán tengsl* fyrirhugaðs eiganda við aðra lögaðila en fjármálafyrirtækið sem um ræðir. Gera skal grein fyrir tengslunum með myndrænum hætti.</p> <p><i>*Með nánnum tengslum er átt við annars vegar bein eignatengsl eða yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis og yfirráð eða samstarf milli aðila í skilningi ffl., sbr. 1. tl. 1. gr. a laganna.</i></p>	11. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.14	<p>Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl fyrirhugaðs eiganda og aðila í nánnum tengslum við hann, við fjármálafyrirtækið.</p>	7. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
2.15	<p>Hvort fyrirhugað sé hluthafasamkomulag við aðra hluthafa viðkomandi fjármálafyrirtækis. Ef svo er skal jafnframt gera grein fyrir efni þess.</p>	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.

3.	UPPLÝSINGAR UM VIRKA EIGENDUR FYRIRHUGAÐS EIGANDA	
	<p><i>Virkir eigendur fyrirhugaðs eiganda skulu veita fyrirhuguðum eiganda neðangreindar upplýsingar og skulu þær vera staðfestar með undirritun fulltrúa virks eiganda í fyrirhuguðum eiganda. Viðkomandi aðila er þó heimilt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingamar beint, án aðkomu fyrirhugaðs eiganda.</i></p>	
3.1	<p>Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu* eða aðra þátttöku viðkomandi í starfsemi annarra lögaðila en fyrirhugaðs eiganda. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum og gerð grein fyrir þeim með myndrænum hætti.</p> <p><i>*Með stjórnarsetu er átt við aðila sem fyrirhugaður eigandi hefur tilnefnt í stjórn lögaðila.</i></p>	9. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
3.2	<p>Óskað er eftirfarandi upplýsinga um viðkomandi sl. 5 ár:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,</li> <li>úrskurðir um gjaldþrot,</li> <li>opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnsýslumál,</li> <li>rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar,</li> <li>synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf,</li> <li>afturköllun, ógilding eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis,</li> <li>brottrekstur úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu. Einnig er óskað upplýsinga um brottrekstur af hálfu eftirlitsstofnunar eða stjórnvalds.</li> </ol>	10. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
3.3	Upplýsingar um reynslu viðkomandi af fjármálastarfsemi.	8. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
3.4	Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á viðkomandi sem eiganda virks eignarhlutar eða sem stjórnanda aðila sem lýtur opinberu eftirliti á fjármálamarkaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendra eftirlitsstofnunar (tilgreina skal eftirlitsstofnun og afhenda gögn um niðurstöður mats).	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.

<p><b>3.5</b></p>	<p>Lýsing á hagsmunatengslum viðkomandi, fjárhagslegum,* persónulegum og viðskiptalegum** við:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>núverandi hluthafa í fjármálafyrirtækinu sem um ræðir,</li> <li>aðila með atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækinu sem um ræðir,</li> <li>stjórnarmenn eða stjórnendur fjármálafyrirtækisins sem um ræðir,</li> <li>fjármálafyrirtækið sem um ræðir og samstæðu þess,</li> </ol> <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni viðkomandi sem kunna að rekast á við hagsmuni fjármálafyrirtækisins sem um ræðir og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p> <p><i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 5. tl. 1. gr. a. ffl.</i></p>	<p>7. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.</p>
<p><b>3.6</b></p>	<p>Ef viðkomandi er lögaðili er óskað eftir ársreikningum* viðkomandi síðustu þriggja ára og skal a.m.k ársreikningur undangengins árs vera endurskoðaður og áritaður.</p> <p><i>*Ef um er að ræða nýtt félag skal skila inn árituðum stofnefnahagsreikningi.</i></p> <p>Ef viðkomandi er einstaklingur er óskað eftir útfylltu eyðublaði vegna fjárhagslegs sjálfstæðis sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.</p>	<p>6. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.</p>
<p><b>3.7</b></p>	<p>Upplýsingar um nán tengsl* viðkomandi við aðra lögaðila en fyrirhugaðan eiganda.</p> <p><i>*Með nánnum tengslum er átt við annars vegar bein eignatengsl eða yfirráð yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis og yfirráð eða samstarf milli aðila í skilningi ffl., sbr. 1. tölul. 1. gr. a laganna.</i></p>	<p>11. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.</p>
<p><b>3.8</b></p>	<p>Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl viðkomandi og aðila í nánnum tengslum við hann, við fjármálafyrirtækið.</p>	<p>7. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.</p>
<p><b>4.</b></p>	<p><b>UPPLÝSINGAR UM STJÓRNARMENN OG FRAMKVÆMDASTJÓRA FYRIRHUGAÐS EIGANDA</b></p>	
	<p><i>Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu veita fyrirhuguðum eiganda neðangreindar upplýsingar og skulu þær vera staðfestar með undirritun viðkomandi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Viðkomandi aðilum er þó heimilt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingarnar beint, án aðkomu fyrirhugaðs eiganda.</i></p>	
	<p>Tæmandi skrá yfir stjórnarmenn og framkvæmdastjóra fyrirhugaðs</p>	

4.1	eiganda, m.a. nöfn, kennitölur og ríkisfang ásamt ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu og aðrar stöður sem viðkomandi hefur gegnt.	1. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
4.2	Upplýsingar um eignarhald, stjórnarsetu og aðra þátttöku viðkomandi í starfsemi annarra lögaðila en fjármálafyrirtækisins sem um ræðir. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum.	9. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
4.3	Upplýsingar um fjárhagsstöðu. Fylla skal út eyðublað vegna fjárhagslegs sjálfstæðis sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.	6. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
4.4	Lýsing á hagsmunatengslum viðkomandi, fjárhagslegum*, persónulegum og viðskiptalegum** við: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. núverandi hluthafa í fjármálafyrirtækinu sem um ræðir,</li> <li>b. aðila með atkvæðisrétt í fjármálafyrirtækinu sem um ræðir,</li> <li>c. aðra stjórnarmenn eða stjórnendur fjármálafyrirtækisins sem um ræðir,</li> <li>d. fjármálafyrirtækið sem um ræðir og samstæðu þess.</li> </ul> <p>Upplýsingar um aðra hagsmuni viðkomandi sem kunna að rekast á við hagsmuni fjármálafyrirtækisins sem um ræðir og hugsanlegar lausnir á slíkum hagsmunaárekstrum.</p> <p><i>*Með fjárhagslegum hagsmunatengslum er m.a. átt við hagsmuni í tengslum við lánveitingar, ábyrgðir, veð og önnur núverandi og fyrirhuguð viðskiptatengsl.</i></p> <p><i>**Með persónulegum og viðskiptalegum hagsmunatengslum er m.a. átt við samstarf í skilningi 5. tl. 1. gr. a. ffl.</i></p>	7. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
4.5	Upplýsingar um reynslu viðkomandi af fjármálastarfsemi.	8. tl. 1. mgr. 41. gr., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
4.6	Óskað er eftirfarandi upplýsinga um viðkomandi og öll félög sem hann hefur sl. 5 ár stjórnað eða ráðið yfir*: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. dóma fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,</li> <li>b. úrskurði um gjaldþrot,</li> <li>c. opinberar rannsóknir, málarekstur, einkamál og stjórnáskýslumál,</li> <li>d. rannsóknir, viðurlagamál eða viðurlög sem beitt hefur verið af hálfu eftirlitsstofnunar,</li> <li>e. synjun á skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf,</li> <li>f. afturköllun, ógilding eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis.</li> <li>g. brottrekstur úr starfi eða trúnaðarstöðu, fjárvörslusambandi eða sambærilegri stöðu, eða ef farið hefur verið fram á afsögn viðkomandi úr slíkri stöðu. Einnig er óskað upplýsinga um brottrekstur af hálfu eftirlitsstofnunar eða stjórnvalds.</li> </ul>	10. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.



	<i>*Aðili telst stjórnari félagi ef hann er framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmaður. Aðili telst ráða yfir félagi ef um er að ræða yfirlit skv. 9. tl. 1. gr. a. ffl.</i>	
4.7	Náin tengsl* viðkomandi við aðra lögaðila en fjármálafyrirtækið sem um ræðir.  <i>*Með nánum tengslum er átt við annaðhvort bein eignatengsl eða yfirlit yfir allt að 20% af hlutafé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis, eða yfirlit eða samstarf milli aðila í skilningi ffl., sbr. 1. tl. 1. gr. a laganna.</i>	11. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
4.8	Upplýsingar um fyrirhuguð viðskiptatengsl viðkomandi og aðila í nánum tengslum við hann, við fjármálafyrirtækið.	7. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
4.9	Upplýsingar um hvort áður hefur átt sér stað mat á viðkomandi sem eiganda virks eignarhlutar eða sem stjórnanda aðila sem lýtur opinberu eftirliti á fjármálamarkaði af hálfu Fjármálaeftirlitsins og/eða erlendrar eftirlitsstofnunar (tilgreina þarf eftirlitsstofnunina og gögn um niðurstöður matsins).	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl., sbr. 2. mgr. 41. gr. ffl.
<b>5.</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM FJÁRMÖGNUN FYRIRHUGAÐRA KAUPA</b>	
5.1	Ef kaupin eða stofnun nýs fjármálafyrirtækis er fjármögnuð með lánsfé frá fjármálafyrirtæki er óskað ítarlegra upplýsinga um lánveitinguna. * Þá er óskað upplýsinga um hvort til staðar séu fjárhagsleg tengsl við stjórnendur í fjármálafyrirtækinu sem lánar til kaupanna.  <i>*Óskað er m.a. upplýsinga um lánshæfismat, gjalddaga, skilmála, veðsetningar og tryggingar. Fjármálaeftirlitið kann að óska eftir lánasamningi.</i>	5. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
5.2	Ef kaupin eða stofnun nýs fjármálafyrirtækis eru ekki fjármögnuð með lánsfé frá fjármálafyrirtæki skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um uppruna fjármagnsins og með hvaða hætti það komst í vörslu fyrirhugaðs eiganda. Upplýsingarnar skulu studdar gögnum.	5. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
5.3	Upplýsingar um eignir fjármálafyrirtækisins, sem áformað er að eignast virkan eignarhlut í, sem fyrirhugað er að selja innan árs. Óskað er um upplýsinga um eignina, söluskilmála og verðmat.	5. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
<b>6.</b>	<b>EIGENDASTEFNA</b>	
6.1	Fyrirhugaður eigandi skal setja sér sérstaka eigendastefnu sem inniheldur stefnu hans varðandi eignarhaldið. Stefna fyrirhugaðs eiganda skal miða að uppbyggingu heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis.	12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.
	Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast allt að 20% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:	

<p><b>6.1.1</b></p>	<p>a. Markmið kaupanna, þ.m.t.;</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækisins,</li> <li>ii. áhrif á rekstur þess,</li> <li>iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða og</li> <li>iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð;</li> </ul> <p>b. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja fjármálafyrirtækið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi.</p>	<p>4. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffitl.</p>
<p><b>6.1.2</b></p>	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast 20-50% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <p>a. Markmið kaupanna, þ.m.t.;</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. hvort áform séu uppi um breytingar á verkefnum eða stjórnendum fjármálafyrirtækisins,</li> <li>ii. áhrif á rekstur þess,</li> <li>iii. hvort um langtímafjárfestingu er að ræða og</li> <li>iv. upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda um að auka, minnka eða viðhalda eignarhlut sínum í fyrirsjáanlegri framtíð;</li> </ul> <p>b. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja fjármálafyrirtækið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi,</p> <p>c. nákvæmar upplýsingar um fyrirætlanir, væntingar og áhrif sem fyrirhugaður eigandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu (þ.m.t. arðgreiðslustefnu) ásamt þróun og ráðstöfun fjármuna fjármálafyrirtækisins til þriggja ára.</p>	<p>4. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffitl.</p>
<p><b>6.1.3</b></p>	<p>Þegar fyrirhugaður eigandi hyggst eignast yfir 50% eignarhlut, skal eigendastefnan m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <p>a. Viðskiptaáætlun til þriggja ára. Í henni skulu koma fram markmið með fyrirhuguðum kaupum og helstu aðferðir til þess að ná þeim, þ.m.t.:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. forsendur fyrirhugaðra kaupa,</li> <li>ii. fjárhagsleg markmið til þriggja ára (ávöxtun eigin fjár, kostnaðar-/arðsemishlutfall, hagnaður á hlut o.s.frv.),</li> <li>iii. helstu samlegðaráhrifin sem leitast verður við að ná fram innan fjármálafyrirtækisins,</li> <li>iv. hugsanlegar breytingar á starfsemi/vörum/markhópi og hugsanleg endurráðstöfun fjármagns/fjármuna sem fyrirhuguð er innan fjármálafyrirtækisins,</li> <li>v. upplýsingar um getu (fjárhagsstöðu) og vilja fyrirhugaðs eiganda til þess að styðja fjármálafyrirtækið með auknu eigin fé ef þörf krefur til þess að þróa starfsemi þess eða ef upp kemur fjárhagsvandi.</li> </ul> <p>b. Fyrirhugaðar breytingar á stjórnarháttum og almennu starfsskipulagi viðkomandi fjármálafyrirtækis, þ.m.t. á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. stjórn fyrirtækisins,</li> <li>ii. samsetningu og störf stjórnar og lykilstarfsmanna. Einnig er óskað upplýsinga um áhrif á samsetningu og störf nefnda sem skipaðar eru af framangreindum aðilum (s.s</li> </ul>	<p>4. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffitl.</p>

	<p>lánanefnd, áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og aðrar nefndir),</p> <p>iii. störf framkvæmdastjóra. Ef ætlunin er að ráða nýjan framkvæmdastjóra er óskað upplýsinga um viðkomandi. Bent er á að Fjármálaeftirlitið metur hæfi viðkomandi skv. 52. gr. ffl.,</p> <p>iv. verklagsreglur og kerfi er varða stjórnun, bókhald, endurskoðun, innra eftirlit og regluvörslu (þ.m.t. varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka),</p> <p>v. starfsemi eða verkefni fjármálafyrirtækisins,</p> <p>vi. heildarhögun upplýsingakerfa: þar á meðal hvers kyns breytingar á stefnu um notkun undirverktaka, flæði gagna, hugbúnað sem notaður verður innan stofnunarinnar, helstu verklagsreglur um öryggi gagna og kerfa, svo og aðgengi að gögnum og kerfum, tæki sem notuð verða (t.d. gagnaafritun, áætlanir um órofinn rekstur, endurskoðunarslóð o.s.frv.), breytingar á áhættumati, eða annað sem skiptir máli við rekstur upplýsingatæknikerfa og áhættumat tengdu rekstri þeirra,</p> <p>vii. stefnu sem gildir um notkun verktaka og útvistun (sviðin sem um ræðir, val á þjónustuaðilum o.s.frv.) og viðeigandi réttindi og skyldur helstu aðila skv. samningsákvæðum (t.d. fyrirkomulag úttekta, gæði sem krafist verður af þjónustuveitendum o.s.frv.).</p>	<p>4. og 12. tl. 1. mgr. 41. gr. ffl.</p>
--	---	---